

**ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs.**  
Útboðslýsing



ÍV SJÓDIR

## Yfirlýsing rekstraraðila

Fjárfesting í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar ítarlega og fylgiskjöl hennar. Verða fjárfestar fyrst og fremst að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta með hliðsjón af væntingum um ávöxtun, ytri aðstæðum, eigin aðstöðu og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Kaup á eignarhlutum í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum.

Á engan hátt ber að skoða útboðslýsingu þessa sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta, ÍV sjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að leita til óháðra sérfræðinga um ráðgjöf við mat á kaupum í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestingarkosti. Þá er fjárfestum bent á að kynna sér ítarlega lagalega stöðu sína, svo sem skattaleg atriði sem kunna að eiga við um slík viðskipti þeirra.

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í sjóðnum ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs., sem rekinn er af ÍV sjóðum hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Undirritaður framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar og hefur engu mikilvægu atriði verið sleppt er gæti haft áhrif á mat á eignarhlutdeild í sjóðnum.

Kópavogur 11. október 2022



Jón Helgi Pétursson  
Framkvæmdastjóri

## Yfirlit útboðslýsingar – helstu atriði

<b>Tegund sjóðs:</b>	ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs., kt. 670412-9970 er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
<b>Rekstraraðili:</b>	Rekstraraðili sjóðsins samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
<b>Vörsluaðili:</b>	Vörsluaðili sjóðsins skv. IV. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
<b>Starfsemi:</b>	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
<b>Fjárfestingarstefna:</b>	Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega kafla í útboðslýsingu um fjárfestingarmarkmið, fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættur tengdar því að eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.
<b>Aðal söluaðili:</b>	Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
<b>Kaup- og sölugengi:</b>	Gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðurinn á hverju sinni. Eignarhlutdeild í sjóðnum skal innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.
<b>Arðgreiðslur:</b>	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
<b>Póknun rekstraraðila:</b>	0,8% árlega af daglegu innra virði sjóðsins.
<b>Fjárhæð:</b>	Lágmarksfjárhæð viðskipta er 5.000 kr.
<b>Réttindi:</b>	Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína.  Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari hjá ÍV sjóðum hf. og Íslenskum verðbréfum hf.

# 1. Upplýsingar um ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs.

## 1.1. Stofnun, heiti og deildarskipulag

ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs., kt. 670412-9970, (hér á eftir í útboðslýsingu þessari kallaður „sjóðurinn“), er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir nefnd „lög nr. 45/2020“) og lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „Fjármálaeftirlitið“) samkvæmt sömu lögum. Sjóðurinn var stofnaður 29. júní 2012 og er ekki deildaskiptur.

## 1.2. Markaðssetning, sala og þjónusta við fjárfesta og eigendur eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstraraðili sjóðsins, sbr. kafla 5.1 í útboðslýsingu þessari, hefur með samþykki Fjármálaeftirlitsins útvistað verkefnum til Íslenskra verðbréfa hf. Íslensk verðbréf hf. eru móðurfélags rekstraraðila. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

Íslensk verðbréf hf. eru aðal söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum. Íslensk verðbréf hf. annast milligöngu vegna áskriftar að hlutdeildarskírteinum sem og innlausnar hlutdeildarskírteina.

Sjóðurinn nýtir sér ekki þjónustu miðlara í skilningi 18. tölul. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 45/2020.

## 1.3. Upplýsingagjöf til fjárfesta og eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstraraðili og Íslensk verðbréf hf. veita allar nauðsynlegar upplýsingar til þeirra sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.

### 1.3.1. Birting ársreikninga og hálfársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur ÍV sjóða hf. er aðgengilegur eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Árshlutareikningur vegna hálfársuppgjör er aðgengilegur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Endurskoðaður ársreikningur og kannaður árshlutareikningur eru aðgengilegir á heimasíðu ÍV sjóða hf. hverju sinni. Í B-hluta árs- og árshlutareikninga rekstraraðila eru sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

### 1.3.2. Hvar má nálgast reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins

Upplýsingar um rekstur sjóðsins og skjöl sem nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér áður en af fjárfestingu verður s.s. útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingablað er að finna á sértækri upplýsingasíðu sjóðsins sem finna má á heimasíðu rekstraraðilans ÍV sjóða hf., [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is). Íslensk verðbréf, sem vörsluaðili sjóðsins sbr. gr. 5.2. veita eigendum hlutdeildarskírteina upplýsingar um virði eignarhlutdeildar og ávöxtun af eignarhlutdeild þeirra í gegnum Verðbréfavef ÍV á [www.iv.is](http://www.iv.is). Regluleg upplýsingagjöf skv. 47. gr. laga nr. 45/2020 verður gerð aðgengileg á heimasíðu ÍV sjóða hf.

## 1.4. Skattaleg meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum; skil á fjármagnstekjuskatti

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar sjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Um skattlagningu tekna af eignarhlutdeildum sjóðsins fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Vörsluaðili sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst

á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er innleyst með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild.

Skattaleg meðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Skattaleg meðferð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila. Sumir lögaðilar eru undanþegnir staðgreiðslu af fjármagnstekjum. Þá sæta tilteknir lögaðilar hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af eignarhlutdeildum. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

#### **1.5. Stofnframlag og eiginfjárgrunnur**

Stjórnendur rekstraraðila fylgjast með og tryggja að ákvæði um stofnframlag og eiginfjárgrunn í 15. gr. laga nr. 45/2020 séu uppfyllt, eftir því sem við á. Rekstraraðili ábyrgist að til staðar sé eiginfjárgrunnsálag/starfsábyrgðartrygging sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar rekstraraðila. Eiginfjárgrunnsálagi er fjárfest í auðseljanlegum eignum eða eignum sem má hæglega skipta í reiðufé á skömmum tíma. Þá tryggir rekstraraðili að ákvæði um áhættugrunn skv. 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt.

#### **1.6. Slit sjóðsins eða samruni**

Reglur sjóðsins tilgreina aðferðir og skilyrði fyrir því að sjóðnum sé slitið eða hann sameinist öðrum sjóði. Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstraraðila sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir eigendur eignarhlutdeildar eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

#### **1.7. Varnarþing og viðeigandi löggjöf**

Um sjóðinn gilda íslensk lög og varnarþing hans er á Akureyri. Um viðurkenningu og fullnustu dóma milli ríkja gilda lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

#### **1.8. Endurskoðun ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs.**

Endurskoðandi sjóðsins er Deloitte ehf, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

## 2. Eignarhlutdeild í sjóðnum

### 2.1. Æðsta vald í málefnum sjóðsins og reglur hans

ÍV sjóðir hf. fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins, setja honum reglur, sbr. 67. gr. laga nr. 45/2020 og geta gert breytingar á þeim. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 2. mgr. 85. gr. sömu laga.

Eigendum eignarhlutdeildar er tilkynnt um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020.

### 2.2. Skilríki fyrir eignarhlut í sjóðnum; útgáfa hlutdeildarskírteina og réttindi tengd eignarhlutdeild í sjóðnum

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til en óski sá sem á eignarhlutdeild í sjóðnum eftir því að fá hlutdeildarskírteini gefið út, er það gert í samræmi við gildandi lög og reglur sjóðsins. Til einföldunar nær tilvísun til "hlutdeildarskírteinishafa" í útboðslýsingu þessari þó til allra fjárfesta sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum, óháð því hvort þeir hafa fengið útgefin hlutdeildarskírteini.

Við áskrift eignarhlutdeildar í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi í fyrsta lagi þekkt í lok dags á kaupdegi og yfirleitt næsta virka dag eftir kaupdag.

Áskrifandi fær staðfestingu fyrir áskrift sinni sem staðfestir eignarhlutdeild í sjóðnum og tilgreinir kaupverð í krónum, fjölda hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa.

Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og er staðfesting samkvæmt framangreindu eða hlutdeildarskírteinin, eftir því sem við á, staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins heldur utan um eignarréttindi hvers fjárfestis.

### 2.3. Eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum

Tilkynna skal eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum til vörsluaðila. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á eignarhlutdeild í sjóðnum, eru færðar inn á skrá og heimildar tilkynningar getið.

Aðili, sem eignast eignarhlutdeild í sjóðnum við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna vörsluaðila um eigendaskiptin.

### 2.4. Hvar er hægt að kaupa eignarhlutdeild í sjóðnum?

Hægt er að kaupa eignarhlutdeild í sjóðnum hjá Íslenskum verðbréfum hf. Nánari upplýsingar finna á vefsíðu Íslenskra verðbréfa hf., [www.iv.is](http://www.iv.is), eða hjá ráðgjöfum Íslenskra verðbréfa hf.

### 2.5. Kaup og innlausn eignarhlutdeildar í sjóðnum

Eignarhlutdeild í sjóðnum er eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Lágmarksfjárfesting er kr. 5.000 að markaðsverði.

Beiðni um áskriftir og innlausnir hluta, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum opnardegi eftir það (T+2) á staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta opnardegi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum opnardegi þaðan í frá (T+2).

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

### 2.5.1. Sölugengi eignarhlutdeildar

Sölugengi eignarhlutdeildar í sjóðnum breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum á verðmæti þeirra eigna sem sjóðurinn fjárfestir í. Innifalið í sölugengi er söluþóknun söluaðila.

### 2.5.2. Innlausnarvirði eignarhlutdeildar

Innlausnarvirði eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta eignarhluta. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna sjóðsins fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Sjóðurinn er skuldbundinn til að innleysa eignarhlutdeild í sjóðnum á kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Við innlausn á eignarhlutdeild í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleysta hluta í sjóðnum. Innlausnarvirði og gengi er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er eiganda.

Heimilt er að fresta innlausn eignarhlutdeildar í sjóðnum mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun fyrir viðskipti á skipulegum markaði þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður svo að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði eignarhlutdeildar eða að umfang innlausna sé slíkt að sjóðurinn nær ekki að mæta þeim nema með sölu eigna sem getur tekið tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra eignarhluta í sjóðnum.

Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og auglýst opinberlega.

### 2.5.3. Kaup- og sölugengi eignarhlutdeildar

Kaup- og sölugengi eignarhlutdeildar í sjóðnum skal reiknað út a.m.k. einu sinni á hverjum opunardegi.

Kaup- og sölugengi er birt daglega á vefsvæði ÍV sjóða hf., [www.ivsjoDIR.is](http://www.ivsjoDIR.is).

## 2.6. Lausafjárstýring

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar rekstraraðila. Tryggja ber að nægt laust fé og auðseljanlegar eignir séu fyrir hendi á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem eru ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins skv. 90. gr. laga nr. 45/2020 og grein 3.2 hér að neðan.

## 2.7. Reglur um mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila. Verðmat er háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

### 3. Fjárfestingarmarkmið

#### 3.1. Fjárhagslegur tilgangur

Markmið með útgáfu ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs. er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

#### 3.2. Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland samkvæmt fyrir fram ákveðinni aðferðafræði sem er notuð sem grunnur að eignasamsetningu sjóðsins. Aðferðafræðin ákvarðar þannig hlutfall hvers hlutabréfs í sjóðnum en heimild er til skilgreindra frávika til að lágmarka viðskiptakostnað eða vegna tímasetningar greiðslna, s.s arðgreiðslna. Sjóðurinn hefur heimild til að víkja frá aðferðafræðinni til að tryggja sér hlutabréf í félögum þar sem skráning á skipulegan markað Nasdaq Iceland er fyrirhuguð og innan við 45 dagar eru þar til hlutabréf félagsins verða tekin þar til viðskipta. Möguleikar sjóðsins til að fylgja samsetningu aðferðafræðinnar takmarkast einnig af lögum.

Aðferðafræðin byggir á því að fjárfesta skilyrðislaust í jöfnum hlutföllum í þeim hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland á hverjum tíma. Aðferðafræðinni er lýst nánar kafla 3.2.1.

Sjóðnum er heimilt skv. 90. gr. laga nr. 45/2020 að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins eru gerðar með sama hætti og aðrar breytingar fer eftir 10. gr. reglna sjóðsins.

ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs. – Sundurliðun fjárfestinga	
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og hlutabréf sem verða tekin til viðskipta á þeim markaði innan 45 daga.	90%-100%
Heimilt frávik einstaks hlutabréfs frá aðferðafræðinni	+/- 0,75% (prósentustig)

#### 3.2.1. Nánar um aðferðafræði sjóðsins

Sjóðurinn mun fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland skv. fyrir fram ákveðinni aðferðafræði. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum fyrirtækja sem fyrirhugað er að verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland innan 45 daga.

Sjóðurinn fylgir neðangreindri aðferðafræði við samsetningu á eignasafni sjóðsins. Aðferðafræðin byggir á því að sjóðurinn fjárfestir skilyrðislaust í jöfnum hlutföllum (e. equal weight) í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland á hverjum tíma. Þegar þessi útboðslýsing er skrifuð hafa hlutabréf 22 félaga verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og sjóðurinn fjárfestir því um 4,5% af heildareignum sínum í hlutabréfum hvers félags.



Markmið aðferðafræðinnar er annars vegar að tryggja áhættudreifingu og hins vegar að auka hlutfallslega vægi minni félaga (e. small cap) á kostnað stærri félaga (e. large cap). Þessi aðferðafræði er byggð á vel þekktri erlendri fyrirmynd.

Samsetning eignasafnsins er endurskoðuð mánaðarlega, miðað við síðasta virka dag hvers mánaðar. Eignasafn sjóðsins næsta mánuðinn eftir endurskoðun endurspeglar nýja samsetningu á grundvelli aðferðafræðinnar.

### 3.3. Sögulegt gengi sjóðsins

Nafnávöxtun sjóðsins er reiknuð út frá breytingu á kaupgengi sjóðsins. Nafnávöxtun er heildarbreyting á verðmæti hvers hlutar í sjóðnum yfir eitt ár, mælt í prósentum. Taflan hér að neðan sýnir sögulega nafnávöxtun ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs. (áður ÍV Hlutabréfavísitölusjóður hs.).

Ár	Nafnávöxtun
2013	38,4%
2014	-0,4%
2015	40,6%
2016	2,3%
2017	0,4%
2018	- 6,0%
2019	18,1%
2020	28,0%
2021	42,4%

### 3.4. Takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins

Í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er kveðið á um hámark fjárfestingar í fjármálagerningum eins útgefanda.

Sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í hlutabréfum útgefnum af sama útgefanda. Þá hefur sjóðurinn heimild til að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum hlutabréfum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra.

Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlaun eignarhlutdeilda. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

Sjóðnum er óheimilt samkvæmt reglum sem um hann gilda að nýta heimildir laga nr. 45/2020 til þess að stunda viðskipti með afleiður. Sjóðnum er ekki heimilt að beita vögun að öðru leyti en með töku skammtímalána samkvæmt framansögðu.

## 4. Áhætta fjárfesta tengd eignarhlut í sjóðnum

### 4.1. Hverjir ættu að fjárfesta í sjóðnum?

Sjóðurinn hentar einstaklingum og lögaðilum sem vilja ávaxta fjármuni til langs tíma með fjárfestingu í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði á Íslandi og kjósa að gera slíkt með því að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fjár til sameiginlegrar fjárfestingar á fjármálagerningum og öðrum eignum og dreifa áhættu af slíkri fjárfestingu með áhættudreifingu samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem vilja fjárfesta í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta sem rekinn er af og í umsjón starfsleyfisskylds aðila, háðir opinberu eftirliti og skyldu um reglulega skýrslugjöf um starfsemi þeirra.

Mat fjárfesta á áhættu sem fólgin er í að kaupa eignarhlutdeild í tilteknum sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta byggir oftast á því að skoða samsetningu eigna sjóðsins og skoða sögulega þróun og sveiflur á verðmæti þeirra eigna sem sjóðirnir fjárfesta og nota þá þætti til að meta mögulega framtíðarávöxtun. Slíkt mat þarf þó ekki að gefa rétta vísbendingu um ávöxtun sjóðsins í framtíðinni.

Fjárfestar eiga að hafa í huga að fjárfesting í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er að jafnaði hugsuð til langs tíma. Verðmæti hlutdeildar í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta getur eftir kaup á hlutdeild verið lægri en þegar hún var keypt. Þá þarf ávöxtun sem hefur verið á eignarhlutdeild í fortíðinni ekki að gefa vísbendingu um hver ávöxtun eignarhlutdeildar verður í framtíðinni. Það er raunveruleg hættu á að fjárfestir tapi fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti og að hann fái minna til baka fyrir eignarhlutdeild sína en hann keypti hana á.

### 4.2. Áhætta tengd eignarhlut í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta

Fjárfesting í hlutabréfum getur falið í sér áhættu sem felst í því að verðmæti þeirra getur staðið í stað, ávöxtun orðið minni en vonast var til eða að verðmæti fjárfestingarinnar orðið minni en hún var í upphafi, allt eftir eðli og tegund fjárfestingarinnar og aðstæðna á markaði sem ræður verðmæti fjárfestingarinnar.

Fjárfesting í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta felur í sér áhættu. Getur gengi sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta lækkað og hækkað. Fjárfesting í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni fjárfesting en kaup á einstaka hlutabréfi þar sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu reyna að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingum sínum í hlutabréfum með því að fjárfesta í bréfum margra ólíkra útgefenda og þannig dreifa áhættu og minnka hættu á hugsanlegu tapi.

Rétt er að hafa hugfast að þó svo að áhætta af fjárfestingu í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta sé samkvæmt framansögðu minni en fjárfesting í einstökum hlutabréfum, getur hún engu að síður verið áhættusöm þar sem ávöxtun eigna sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta kann að sveiflast frá einum tíma til annars og þar af leiðandi gengi og markaðsvirði eignarhlutdeildar í sjóðnum.

### 4.3. Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutdeildar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Hætta á verðlækkun verðbréfa á markaði vegna tiltekinna aðstæðna sem þar með hafa bein áhrif á gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum. Verðlækkun verðbréfa stafar af breytingum á framboði eða eftirspurn eftir eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Aðstæður á markaði hverju sinni hafa þannig áhrif á framboð og eftirspurn og breytingar í slíku samhengi geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði eigna.

- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** - Hætta á að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja. Áhættan felst í því að markaðsaðilar vilja ekki eða geta ekki keypt tiltekið magn verðbréfa eða vilja ekki kaupa á því verði sem til stendur að selja á. Kaupendur geta verið fáir eða kaupáhugi hreinlega ekki til staðar.
- c) **Mótaðilaáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga.
- d) **Uppgjörsáhætta** – Hætta á að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og vænst var svo sem ef mótaðili greiðir ekki umsamda fjárhæð eða afhendir ekki eign á réttum tíma.
- e) **Rekstraráhætta** – Hætta á að verðbréf, skráning verðbréfaeignar í félagi eða peningalegar eignir í vörslu geti misfarist eða tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- f) **Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefenda verðbréfa og peningamarkaðsskjala** – Íslenski verðbréfamarkaðurinn er smár í sniðum og samþjappaður. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa og peningamarkaðsskjala eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra hlutafélaga sem getur leitt til þessað vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect).
- g) **Ytri aðstæður** - Svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Nýjar eða breyttar lögjafir, reglur og reglugerðir á vegum stjórnvalda og eftirlitsaðila og breytingar á viðskiptaháttum geta haft veruleg áhrif á undirliggjandi eignir og eignaflokka og þar með á gengi eignarhluta.
- h) **Frammistöðuáhætta** – Hætta á að rekstraraðila takist ekki að stýra eignum og fjárfestingum í samræmi við væntingar um ávöxtun, eignasamsetningu, dreifingu og áhættu.

## 5. Rekstur ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs.

### 5.1. Rekstraraðili ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs.

Rekstraraðili sjóðsins er ÍV sjóðir hf. (kt. 491001-2080). Félagið var stofnað 9. október 2001 og er sjálfstætt starfandi rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstraraðili er með starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Hluthafar rekstraraðila eru tveir, Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Björg Capital ehf., kt. 500812-1090 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að, og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

Rekstraraðili rekur fleiri verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta auk annarra sérhæfðra sjóða. Yfirlit sjóða er að finna á heimasíðu rekstraraðila, [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Stjórnarmenn rekstraraðilans eru Jón Bjarni Kristinsson (stjórnarformaður), fulltrúi á mannauðssviði hjá Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi, Katrín Káradóttir, verslunareigandi á Akureyri og Kolbeinn Friðriksson, fjármálastjóri Hölds hf. og meðlimur í endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Höfðhverfinga. Varamenn eru Ingvar Gíslason, fjármálastjóri Norðlenska matborðsins ehf., og Jón Steindór Árnason, fjárfestingarstjóri hjá KEA.

Framkvæmdastjóri rekstraraðila er Jón Helgi Pétursson.

Ytri endurskoðandi rekstraraðila er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Hlutfé ÍV sjóða hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir króna) – og hefur allt hlutfé þegar verið greitt.

### 5.2. Vörsluaðili ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallista hs.

Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519. Félagið var stofnað árið 1987 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26. maí 1995. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um samband sjóðs og vörsluaðila gilda lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vörsluaðili er móðurfélag rekstraraðila sjóðsins.

Skráð starfsstöð vörsluaðila er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

Gerður hefur verið skriflegur samningur á milli aðila. Um vörsluaðila verður eingöngu skipt með uppsögn samningsins að fengnu samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili hafa framkvæmt ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörsluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hættu á hagsmunaárekstrum hefur verið brugðist við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér aðgreiningu starfa, skilgreiningu og skjalfestingu verkferla, rafrænar eftirlitsaðgerðir og útvistun einstakra verkþátta til óháðra aðila. Með fyrrgreindum aðgerðum telja rekstraraðili og vörsluaðili að komist hafi í veg fyrir greinda mögulega hagsmunaárekstra. Innri endurskoðun, sem útvistað er til löggildra endurskoðenda, hafa eftirlit með fyrrgreindum fyrirbyggjandi aðgerðum.

### 5.3. Útvistað verkefni

Í reglum sjóðsins er tiltekin heimild til útvistunar verkefna að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 45/2020. Fyrirkomulag útvistunar skal koma fram í útboðslýsingu hverju sinni. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum, sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

Til staðar eru samningar við Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstraraðila, um útvistun verkefna. Samkvæmt samningunum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstraraðila og þar með sjóðsins:

1. Viðhaldi skrár yfir hlutdeildarskírteinishafa
2. Útgáfu og innlausn eignarhluta
3. Uppgjör viðskipta sjóðsins
4. Kynningu á vörum ÍV sjóða
5. Tækniþjónustu
6. Gengisútreikning sjóða
7. Regluvörslu
8. Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga sjóðsins\*

Keðjuvistun er leyfileg að fenginni heimild rekstraraðila.

\* Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga er keðjuútvistað til T plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri. T plús hf. er fjármálafyrirtæki sem sinnir vörslu- og uppgjörþjónustu fjármálagerninga. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrirtæki, skv. 1. mgr. 5. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við útvistun verkefna. Rekstraraðili hefur sett stefnu um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma þá þar til gert yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Rekstraraðili getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati rekstraraðila.

Uppfærðar upplýsingar um efni kafla 5.2 og 5.3 verða gerðar aðgengilegar fjárfestum samkvæmt beiðni þeirra þar um.

#### 5.4. Starfskjarastefna ÍV sjóða hf. – samantekt

ÍV sjóðir hf. hafa sett sér starfskjarastefnu með gagnsæi að leiðarljósi, m.a. til að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið. ÍV sjóðir hf. leggja áherslu á að greiða samkeppnishæf laun og laða til sín hæft starfsfólk. Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Stjórn leggur fram tillögu fyrir aðalfund um laun stjórnar til eins árs í senn að teknu tilliti til þess tíma sem stjórnarmenn verja í störf sín, ábyrgðar þeirra og umfangs starfsemi félagsins. Við ákvörðun um starfskjör og laun framkvæmdastjóra skal horft til ábyrgðar, menntunar og reynslu. Almenn séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um greiðslur vegna starfsloka. Sérstakar aðstæður geta orðið þess valdandi að gerðir séu starfslokasamningar. Slíkir samningar eru háðir samþykki stjórnar og skulu vera í samræmi við 17. gr. b. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 21. gr. b. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ekkert kaupaukakerfi er í gildi hjá félaginu og félaginu því óheimilt að ákvarða og greiða starfsmönnum sínum kaupauka.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu ÍV sjóða hf. eru aðgengilegar á vef félagsins: [www.ivsjoDIR.is/is/um-rviv/reglur-og-samthykktir](http://www.ivsjoDIR.is/is/um-rviv/reglur-og-samthykktir). Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

### 5.5. Rekstrarkostnaður sjóðsins og annar kostnaður

ÍV sjóðir hf. innheimtir umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins.

Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð kr. 250.- fyrir hver kaup. Kaupendur geta farið fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis og er gjald fyrir útgáfu þess kr. 5.000.- Ennfremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Þóknun ÍV sjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en við útgáfu þessarar útboðslýsingar nemur þóknunin 0,80%.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til söluaðila fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og við útgáfu þessarar útboðslýsingar er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eignarhlutdeildar í sjóðnum.

**Kostnaður greiddur af sjóðnum:** Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem en ekki tæmandi viðskiptakostnað og vörslugjöld auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, svo sem en ekki tæmandi endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

## Reglur

### ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs.

#### 1. gr.

##### Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs., kt. 670412-9970 (hér eftir „**sjóðurinn**“). Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn starfar óskiptur.

Rekstraraðili sjóðsins er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri (hér eftir „**rekstraraðili**“ eða „**ÍV Sjóðir**“). Breyting á rekstraraðila verður einungis gerð með ákvörðun stjórnar ÍV sjóða. Ekki verður skipt um rekstraraðila án staðfestingar fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

ÍV Sjóðir var stofnað árið 2001 og er sjálfstætt starfandi rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstraraðili er með starfsleyfi frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna.

#### 2. gr.

##### Fjárfestingarstefna sjóðsins

ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs. er sérhæfður sjóður og starfar á grundvelli X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Sjóðurinn mun fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland skv. fyrir fram ákveðinni aðferðarfræði. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum fyrirtækja sem fyrirhugað er að verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland innan 45 daga.

Sjóðnum er heimilt skv. 90. gr. laga nr. 45/2020 að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn eignarhluta. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram. Sjóðnum er óheimilt samkvæmt þessum reglum að nýta heimildir laga nr. 45/2020 til þess að stunda viðskipti með afleiður.

Sjóðurinn fylgir neðangreindri aðferðarfræði við samsetningu á eignasafni sjóðsins. Aðferðafræðin byggir á því að sjóðurinn fjárfestir skilyrðislaust í jöfnum hlutföllum (e. equal weight) í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland á hverjum tíma.

Markmið aðferðafræðinnar er annars vegar að tryggja áhættudreifingu og hins vegar að auka hlutfallslega vægi minni félaga (e. small cap) á kostnað stærri félaga (e. large cap). Þessi aðferðafræði er byggð á vel þekktri erlendri fyrirmynd.

Eignasamsetning er endurskoðuð mánaðarlega, miðað við síðasta virka dag hvers mánaðar. Eignasafn sjóðsins næsta mánuðinn eftir endurskoðun endurspeglar nýja samsetningu á grundvelli aðferðafræðinnar.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir skv. X. kafla laga nr. 45/2020:

ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs. – Sundurliðun fjárfestinga	
Hlutabréf skráð á Nasdaq OMX á Íslandi og hlutabréf sem verða tekin til viðskipta á Aðallista innan 45 daga.	90%-100%
Heimilt frávik einstaks hlutabréfs frá aðferðafræðinni	+/- 0,75% (prósentustig)

### 3. gr.

#### Verkefni rekstraraðila.

ÍV sjóðir fara með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fer um verkefni rekstraraðila samkvæmt sömu lögum, þar sem fram koma meginhlutverk í rekstri sjóða; eignastýring sjóðs og áhættustýring sjóðs. Varsla fjármálagerninga skal falin vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur, sbr. 4. gr. reglna þessara.

Öðrum verkefnum í daglegum rekstri sjóðsins er heimilt að útvista að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 45/2020. Skal fyrirkomulag útvistunar tilgreint í útboðslýsingu hverju sinni. Stjórn ÍV sjóða getur heimilað keðjuútvistun. Útvistun verkefna eða keðjuútvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

### 4. gr.

#### Vörsluaðili sjóðsins.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsins skal falinn vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur. Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstraraðila, kt. 610587-1519. Til staðar skal vera skriflegur samningur á milli aðila. Rekstraraðili sér um samningsgerð við vörsluaðila og tekur ákvörðun um skipan og síðari breytingar á vörsluaðila ef þörf er á. Breyting á vörsluaðila öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Að gættum skilyrðum laga nr. 45/2020 og staðfestri heimild stjórnar rekstraraðila er vörsluaðilanum heimilt að fela öðrum aðila varðveislunni verðbréfa sjóðsins að hluta eða öllu leyti.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili skulu framkvæma ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörsluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hættu á hagsmunaárekstrum skal bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Sé ekki unnt að fyrirbyggja eða stýra hættu á hagsmunaárekstrum skal upplýsa um slíka hættu í útboðslýsingu.

### 5. gr.

#### Þóknunir og kostnaður

Þóknun ÍV sjóða fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en við útgáfu þessara reglna nemur þóknunin 0,80%.



Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til söluaðila fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og við útgáfu þessara reglna er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

**Kostnaður:** Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem en ekki tæmandi viðskiptakostnað og vörslugjöld auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, svo sem en ekki tæmandi endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

## 6. gr.

### Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Rekstraraðili sjóðsins gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til. Óski fjárfestir eftir því, verða hlutdeildarskírteini gefin út af rekstraraðila til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til sameiginlegrar fjárfestingar. Eignarhlutdeild í sjóðnum verður einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Eignarhlutdeild í sjóðinum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Beiðni um áskriftir og innlausnir eignarhluta, sem rekstraraðila berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum opunardegi eftir það (T+2) á því staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta opunardegi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum opunardegi þaðan í frá (T+2). Heimilt er að fresta innlausn, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða uppfyllt.

## 7. gr.

### Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

## 8. gr.

### Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina eða eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sérhæfðra sjóðsins fyrir almenna fjárfesta að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta eignarhlutdeilda. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. lögum nr. 45/2020.

## 9. gr.

### Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir eitthundrað milljónir króna skal stjórn rekstraraðila sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir hlutdeildarskírteinishafa eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstraraðila. Tilkynna skal sérhverjum eiganda eignarhlutdeildar um ákvörðunina í samræmi við lög.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeildar skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá þar sem samruna sjóðsins við annan eða aðra sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans og aðrar mikilvægar upplýsingar þannig að hlutdeildarskírteinishöfum sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðra slita eða samruna á fjárfestingu sína.

Í þeim tilvikum þar sem um fyrirhugaðan samruna við annan sjóð er að ræða skulu í fyrrgreindri tilkynningu koma fram upplýsingar varðandi það tímabil sem eigendur eignarhlutdeildar í sjóðnum geta krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum, skv. þeim skilmálum sem gilda um innlausn, séu þeir ekki samþykkir fyrirhuguðum samruna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðili koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstraraðilanum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (*e. 'distribution in kind'*), á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar skal falinn vörsluaðila til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

#### **10. gr.**

#### **Breytingar á reglum sjóðsins**

Rekstraraðili setur sjóðnum reglur og er heimilt að gera breytingar á þeim, þ.m.t. fjárfestingarstefnu. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020.

**Reglur þessar eru dagsettar 11. október 2022 og staðfestar af stjórn og framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. með rafrænni undirritun.**

**Undirritunarsíða fylgir.**

Jón Helgi Pétursson,  
frankvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf.

Jón Bjarni Kristinsson

Katrín Káradóttir

Kolbeinn Friðriksson